

S.T.S. gegn Hollandi

Dómur frá 7. júní 2011

Mál nr. 277/05

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Úrlausn um lögmæti frelsissviptingar. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi S.T.S. er hollenskur ríkisborgari, fæddur árið 1988, búsettur í borginni Groningen Hollandi. Frá árinu 2001 höfðu hollensk barnaverndaryfirvöld mál kæranda til meðferðar en hann átti við hegðunarvandamál að stríða, hafði flosnað upp úr skóla og framið fjölda glæpa. Árið 2002 mælti dómstóll fyrir um að kærandi skyldi vera undir umsjón barnverndaryfirvalda í Groningen í eitt ár. Þrjá mánuði þess tíma skyldi kærandi vistaður á lokaðri stofnun. Vistun kæranda á stofnuninni var ítrekað framlengd þrátt fyrir mótmæli hans og óskir um að fá að dvelja annaðhvort hjá föður sínum eða ömmu.

Þann 17. september 2003 úrskurðaði dómari að vistun kæranda skyldi framlengd í eitt ár í viðbót, frá og með 9. október sama ár. Áfrýjunardómstóll stytta vistunartíma hans í hálft ár. Kærandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Hollands en áfrýjun hans var vísað frá dómi þar sem sex mánuðir væru liðnir og hann hefði því ekki hagsmuni af því að fá niðurstöðu. Að vistunartíma kæranda liðnum úrskurðaði dómari á ný að kærandi skyldi vistaður á stofnuninni. Það var ekki fyrr en árið 2006, þegar kærandi hafði náð 18 ára aldri, að hann losnaði af stofnuninni en hann hafði þá gert margar tilraunir til að fá vistunartíma sinn stytta.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að tafir sem urðu á meðferð málsins fyrir hollenskum dómstólum hefðu verið það miklar að réttarúræðin vegna frelsissviptingar þjónuðu ekki tilgangi sínum. Með þessu væri brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Með hliðsjón af fjölda gagna og vitnisburða sem þurfti að afla í máli kæranda taldi dómstóllinn að lengd á meðferða máls kæranda, 63 dagar, fyrir héraðsdómi Groningen hefði verið hæfileg. Það hafði hins vegar tekið hæstarétt landsins alls 294 daga að komast að niðurstöðu í máli kæranda. Að mati dómstólsins var það óhóflegur langur málsmeðferðartími. Hver sem væri orsök tafanna var það ófrávikjanleg skylda aðildarríkja Evrópuráðsins að sjá til þess að réttarkerfi sín væru þannig úr garði gerð að þau uppfylltu kröfur sáttmálans. Dómsmálafyrirvöldum bæri að sjá til þess að mál er um mikilvæga hagsmuni, á borð við lögmæti frelsisskerðingar, væru afgreidd með hraði. Þær miklu tafir sem orðið höfðu á meðferð máls kæranda fólu því að mati dómstólsins í sér brot á 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn lagði því næst mat á skilvirkni þeirra réttarúræða sem kæranda stóðu til boða. Kærandi hafði áfrýjað máli sínu til hæstaréttar rúmum þremur og hálfum mánuði áður en 6 mánaða vistun hans átti að ljúka. Engin haldbær rök höfðu verið færð fyrir því að dómstóllinn hefði ekki getað komist að niðurstöðu innan þessa tímaramma. Þótt vistunartími kæranda væri liðinn hafði hann engu að síður hagsmuni af því að fá efnisdóm í málinu enda gat slíkur dómur verið grundvöllur skaðabótakröfu síðar meir. Sú ákvörðun hæstaréttar að vísa máli hans frá fól því að mati dómstólsins í sér annað brot á 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var hollenska ríkinu gert að greiða kæranda 2.000 evrur í miskabætur.